

## Sveitarfélagið Ölfus, skipulagstillögur til auglýsingar.

### Aðalskipulag:

#### **1. Sveitarfélagið Ölfus, kynnir aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 er nær til lagningar á jarðstreng frá Ölfusárbrú að spennistöð við Þorlákshöfn, ásamt umhverfisskýrslu.**

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er hér kynnt aðalskipulagsbreyting vegna 66 kV jarðstrengs ásamt ljósleiðara á milli Selfoss og Þorlákshafnar til að koma hringtengingu á milli Selfoss, Þorlákshafnar og Hveragerðis (um Sogsvirkjanir) og auka þannig afköst og afhendingaröryggi raforku á svæðinu. Breytingin felst einnig í að þjónustuvegur meðfram strengnum verður skilgreindur sem göngu- og hjólastígur. Strengurinn liggur með þjóðveginum frá Óseyrarbrú þar til hann fer inn á sandinn og í átt að Kambinum og meðfram golfvelliinum og síðan með þjóðveginum að spennistöðinni norðan við Þorlákshöfn.

Skipulagslýsing hefur verið auglýst og kynnt. Svör við lýsingunni voru jákvæðar. Einnig hefur verið opinn kynningarfundur þar sem fyrirhuguð tillaga að aðalskipulagi var kynnt.

Aðalskipulagsbreytingin liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 25. mars 2014 til 6. maí 2014. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 6. maí 2014 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

#### **2. Sveitarfélagið Ölfus, kynnir aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 er nær til Reiðleiðar við Bolaöldur og stækkun iðnaðarsvæða I23 og I3 við Þorlákshöfn, ásamt umhverfisskýrslu.**

Samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt aðalskipulagsbreyting vegna Aðalskipulags Ölfuss 2010-2022 er nær til breytingu á reiðleið við Bolaöldur að Jósefsdal og stækkun iðnaðarsvæða I23 við Laxabraut 19 og I3 við Laxabraut 5, Þorlákshöfn. Um er að ræða iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi.

Skipulagslýsing hefur verið auglýst og kynnt. Svör við lýsingunni voru jákvæðar. Einnig hefur verið opinn kynningarfundur þar sem fyrirhuguð tillaga að aðalskipulagi var kynnt.

Aðalskipulagsbreytingin liggur frammi til kynningar í Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn á skrifstofutíma frá 9-12 og 13-16. Tillagan verður einnig á heimasíðu Ölfuss. Tillagan er til kynningar frá 25. mars 2014 til 6. maí 2014. Ábendingar og athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist fyrir 6. maí 2014 til Sveitarfélagsins Ölfuss, b.t. skipulags- og byggingarfulltrúa, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

